

Því úrskurðast:

Hlutabréf félagsbús Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur í firmanu Gísls Halldórsson h/f skal leggja út Gísla Halldórssyni upp í hans búshelming fyrir kr. 9700.00.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1951.

Nr. 173/1950. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Kristjáni Kristóferssyni f. h.

Jóns Kristjánssonar (Einar Arnórsson).

Ómerking málsmeðferðar og dóms vegna vanhæfi
héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Gunnar Þorsteinsson var bæjarfógeti í Vestmannaeyjum á þeim tíma, er gerðardómur fjallaði um skipti aðilja, þau er í máli þessu greinir. Freymóður Þorsteinsson var þá fulltrúi hans og fór með oddamennsku í gerðardóminum í forföllum bæjarfógeta á tímabilinu frá 14. marz til 24. maí 1950. Ein af málsástæðum áfrýjanda í dómsmáli því, sem hér er til meðferðar, er sú, að gerðardómurinn sé ógildur vegna dráttar þess, sem varð á rekstri gerðardómsmálsins, meðan Freymóður var oddviti hans. Verður að telja Freymóð vanhæfan til að leggja dóm á þessa varnarástæðu.

Dómsmál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja með stefnu 29. nóvember 1949. Gunnar Þorsteinsson var þá enn bæjarfógeti í Vestmannaeyjum og Freymóður Þorsteinsson fulltrúi hans. Freymóður fór með dómsmálið. Hinn 29. júní 1950 krafðist áfrýjandi frests í málinu, en stefndi mótmælti fresti. Kvað Freymóður fulltrúi þá upp úrskurð þess efnis, að frestur skyldi veittur. Þar sem dómsmálið varð-

ar meðferð þeirra Freymóðs fulltrúa Þorsteinssonar og bæjarfógeta Gunnars Þorsteinssonar á gerðardómsmálinu, voru þeir vanhæfir til að fara með og kveða upp úrskurð í dómsmálinu, sbr. 36. og 37. gr. laga nr. 85/1936.

Þær ástæður, sem nú hafa verið taldar, leiða til þess, að ómerkja ber héraðsdóminn og málsmeðferðina frá 29. júní 1950 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Rétt þykir, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Mjög ósæmlegur ritháttur er á ýmsum skjölum frá Sigurði E. Ólasyni hæstaréttarlögmanni, er lögð hafa verið fram í máli þessu. Þá er og mjög vítaverður ritháttur á skjali, er Gunnar A. Pálsson lögfræðingur hefur samið til notkunar fyrir stefnda og lagt hefur verið fram í dómi.

Dómsorð:

Héraðsdómur í máli þessu og málsmeðferð frá 29. júní 1950 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 2. des. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. nóv. s.l., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Kristjáni Kristóferssyni, Kirkjubóli, Vestmannaeyjum, f. h. sonar síns Jóns Kristjánssonar með stefnu, útgefinni 20. júní 1950, birtri 21. s. m., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á skaðabótum, vöxtum og málskostnaði samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950, að upphæð kr. 45.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, og ennfremur til greiðslu á sjúkrabótum, að upphæð kr. 10.491.68 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. maí 1947 til greiðsludags, til greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda fyrir tímabilið 1. nóvember 1946 til 1. júlí 1949, að upphæð kr. 432.00, og til greiðslu iðgjalda til almannatrygginga fyrir árin 1947—1949, að báðum meðtöldum, að upphæð kr. 1070.00, ásamt 5% ársvöxtum af þessum tveimur síðasttöldu upphæðum frá 1. júlí 1949 til greiðsludags. Svo krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins gerði stefnandi þá kröfu til vara, að sjúkrabætur stefnanda til handa yrðu látnar fara eftir mati réttarins.

Stefndi hefur látið mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málavextir eru eftirfarandi:

Hinn 1. nóvember 1946 réðst stefnandi sem nemandi í húsasmíði til stefnda í máli þessu. Stefndi hafði þá í þjónustu sinni Snæbjörn Bjarnason trésmíðameistara, og skyldi hann sjá um kennsluna. Var námssamningur undirritaður 1. nóvember 1946 af báðum aðiljum, stefnda sem læri-meistara, en stefnanda sem nemanda, og auk þess af Kristjáni Kristóferssyni sem fjárhaldsmanni sonar síns og Snæbirni Bjarnasyni. Síðan var námssamningurinn áritaður og samþykktur af iðnaðarfulltrúanum í Reykjavík, og lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum ritaði á hann vottorð um, að samningurinn væri samkvæmur gildandi iðnlöggjöf. Í samningnum er tekið fram, að stefnandi skyldi hafa í kaup gildandi tímakaup verkamanna í Vestmannaeyjum, og skyldi það hækka eða lækka, ef kaup fastráðinna verkamanna hjá sama fyrirtæki breyttist. Hann skyldi sjálfur sjá sér fyrir fæði og húsnaði, svo og kosta iðnskólanám sitt og prófkostnað og leggja sér til handverkfæri. Önnur samningsákvæði voru samhljóða venjulegum ákvæðum í námssamningum.

Stefnandi hóf námið 1. nóvember 1946, en 26. s. m. veiktist hann og varð óvinnufær til 12. ágúst 1947, að undanskildum 4 dögum í janúar 1947, eða frá 23. jan. til 27. s. m. Frá 12. ágúst 1947 vann stefnandi síðan óslitið undir handleiðslu Snæbjarnar Bjarnasonar til 31. október 1947, en þá fór Snæbjörn alfarinn úr þjónustu stefnda. Eftir það vann stefnandi hjá stefnda án handleiðslu eða tilsagnar meistara í iðninni, þar til um mánadámótin júní og júlí 1949. Taldi þá stefnandi, að kennslan væri svo stórlega vanrækt, að ekki væri lengur viðunandi, og hvarf úr þjónustu stefnda. Um sama leyti, eða hinn 1. júlí 1949, var námssamningnum riftað. Til nokkurra árekstra kom milli föður stefnanda og stefnda, er riftunin fór fram, og kærði faðir stefnanda stefnda fyrir að hafa rifið námssamningseintak sonar síns og skotið því undan, og krafðist þess, að stefndi yrði látinn sæta ábyrgð fyrir brot gegn 162. grein almennra hegningarlaga. Nokkur réttarrannsókn fór fram út af kærinni, en síðan var málið látið niður falla samkvæmt fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins.

Skömmu eftir að stefnandi fór úr þjónustu stefnda, hóf hann prentnám við venjuleg prentnemakjör hjá prentsmiðjunni Eyrún í Vestmannaeyjum. Virðist námssamningur hafa verið gerður 1. ágúst 1949. Hefur stefnandi síðan verið við prentnám hjá því fyrirtæki til þessa tíma.

Stefnandi taldi, að hann ætti skaðabótakröfur á hendur stefnda vegna vanefnda hans á námssamningnum, og með bréfum, dags. 14. okt. 1949, fór hann og faðir hans þess á leit, að gerðardómur yrði skipaður samkvæmt heimild í 19. gr. laga um iðnaðarnám, til þess að dæma um skaðabætur vegna ólöglegrar riftingar og vanefnda stefnda á námssamningnum. Fór stefnandi fram á að fá tildæmdar skaðabætur og vangreidd laun og upphald, samtals að upphæð kr. 362.226,72, auk vaxta og málskostnaðar. Þessar upphæðir lækkaði hann síðan um kr. 247.472,16 eða niður í kr. 114.754,56. Með bréfi, dags. 1. nóvember 1949, tilnefndi stefnandi Jón Eiríksson, skattstjóra í Vestmannaeyjum, sem dómara í gerðardóminum, og með bréfi, dags. 4. s. m., tilnefnir stefndi Jóhannes Elíasson, fulltrúi í

Menntamálaráðuneytinu, sem dómara af sinni hálfu. Fyrirtekt málsins fyrir gerðardóminum dróst á langinn af ýmsum ástæðum. Í fyrstunni vegna anna við bæjarfógetaembættið, slæmrar tíðar og ótryggra flugsamgangna. Síðan vegna sjóslýssins 7. janúar 1950, og þar næst vegna utanfarar dómarsins, er stefndi hafði tilnefnt í gerðardóminn.

Hinn 14. marz 1950 kom dómurinn í fyrsta skipti saman, án þess þó að Jóhannes Eliasson væri mættur. Voru þá lögð fram ýmis skjöl málinu til upplýsingar. Gerði stefndi þá kröfu, að Jón Eiríksson viki sæti úr dómnum vegna ofmikilla afskipta af undirbúningi málsins. Síðan var málinu frestað og tekið fyrir af nýju 22. marz, en Jóhannes Eliasson var enn ekki mættur, og var því málinu frestað.

Næst kom dómurinn saman 27. marz s.l., og voru þá allir dómendur mættir, er sæti áttu í honum. Vék þá Jón Eiríksson úr dóminum vegna framkominnar kröfu stefnda, og óskaði stefnandi um leið eftir fresti til þess að tilnefna annan dómara í hans stað. Var fresturinn veittur og málið tekið fyrir af nýju hinn 4. apríl s.l. af oddvita dómsins, þar eð hinir gerðardómsmennirnir voru ekki mættir. Jóhannes Eliasson hafði raunar komið til Vestmannaeyja daginn áður, en farið samdægurs aftur til Reykjavíkur, þar eð bersýnilegt þótti, að hinn gerðardómsmaðurinn, er stefnandi skyldi tilnefna, myndi ekki mæta. Í þessu réttarhaldi lýsti stefnandi því yfir, að hann hefði tilnefnt Gunnar A. Pálsson lögfræðing, Reykjavík, sem dómara af sinni hálfu í stað Jóns Eiríkssonar. Var málinu svo enn frestað og fyrir tekið af nýju hinn 25. apríl og 5. maí, án þess að hinir tilnefndu gerðardómsmenn væru mættir. Síðan var málið tekið fyrir hinn 25. maí s.l., og voru þá allir gerðardómsmenn mættir. Var þá lagt fram bréf frá stefnda, dags. 24. s. m., þar sem hann fór fram á, að bæjarfógeti legði úrskurð á það atriði, hvort gerðardómurinn skyldi halda áfram meðferð málsins, þar eð hann taldi með tilvísun til 19. gr. laga um iðnaðarnám, að óhæfilegur dráttur hefði orðið á meðferð málsins fyrir gerðardóminum. Gerðardómurinn tók þessa kröfu til meðferðar og áleit meirihlutinn, að þetta atriði félli undir úrskurðarvald hans, en minnihlutinn, Jóhannes Eliasson, taldi hins vegar, að atriðið heyrði eingöngu undir úrskurðarvald héraðsdóms eða hinna almennu dómstóla. Meirihluti gerðardómsins kvað síðan upp úrskurð, sem var á þá leið, að meðferð málsins skyldi haldið áfram fyrir gerðardóminum. Stefndi svipti þá Jóhannes Eliasson umboði til þess að sitja áfram í gerðardóminum, og vék hann úr dóminum. Jafnframt neitaði stefndi að tilnefna annan mann í dóminn í hans stað. Oddviti dómsins og Gunnar A. Pálsson sem meðdómsmaður fóru því einir með málið eftir þetta, og var því haldið áfram með eðlilegum hraða, og tekið undir úrskurð hinn 27. maí s.l. Úrskurður gekk í málinu hinn 8. júní 1950. Komst gerðardómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefndi hefði vanefnt námssamninginn mjög stórkostlega og bakað sér skaðabótaábyrgð. Var honum gert að greiða kr. 45.000.00 í bætur ásamt 5% ársvöxtum frá 14. okt. 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað. Taldi gerðardómurinn, að beint fjártjón stefnanda af völdum vanefnda stefnda hafi verið mismunur þeirrar fjárhæðar, er stefnandi hefði verið búinn að vinna

sér inn sem trésmiðanemi og sveinn í trésmíði á þeim tíma, er prentnámi hans lyki hinn 1. ágúst 1953, ef stefndi hefði fullnægt samningsskyldum sínum samkvæmt námssamningnum, og þess, er hann verður búinn að vinna sér inn sem prentnemi, er prentnámi hans lýkur. Var áætlað, að tekjur hans myndu hafa numið kr. 107.350.00 til 1. ágúst 1953, ef allt hefði verið með felldu um nám hans hjá stefnda, en prentnámskaup hans til sama tíma myndi nema kr. 42.582.00. Mismunur þessara fjárhæða er kr. 64.760.80, en sú upphæð var ekki tildæmd að fullu, heldur lækkuð verulega með tilliti til þess hagræðis að fá upphæðina greidda í einu lagi og að langmestu leyti fyrirfram, og jafnframt haft í huga til hækkunar, að stefnandi muni hafa orðið fyrir nokkru óhagræði umfram beint fjártjón við það að flytjast yfir í óskýlt nám.

Stefnandi krefst þess, að gerðardómurinn verði lagður til grundvallar, eins og hann kemur fyrir, og stefndi dæmdur til að greiða þær fjárhæðir, sem þar eru ákveðnar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að ágreiningsmál aðilja út af samningi þeirra frá 1. nóv. 1946 heyri ekki undir gerðardóm, skipaðan samkvæmt 19. gr. laga um iðnaðarnám nr. 100 frá 11. júní 1938, þar sem samningurinn sé ekki og hafi aldrei verið löglegur námssamningur í skilningi iðnnámslaganna. Vísar hann í því sambandi til 2. greinar nefndra laga, en þar segir svo: „Engir aðrir mega taka nemendur til iðnkennslu en þeir, sem meistaráréttindi hafa í þeirri iðn. Þó mega iðn- og iðjufyrirtæki taka nemendur til kennslu, enda þótt forstöðumaður þeirra eða eigandi hafi ekki meistaráréttindi í iðninni, en þá skal fyrirtækið hafa í þjónustu sinni mann eða menn, sem hafa þessi réttindi . . .“ Aðalreglan sé því sú, að meistara einir í iðninni megu taka nemendur til iðnnáms, en undantekning sé gerð um iðn- og iðjufyrirtæki, þegar sérstaklega standi á. Undantekningarákvaði þessi beri að skýra þröngt, og sé algerlega óheimilt að skilja þau svo, að þó einhver óiðnlærður maður hafi meistara í þjónustu sinni lengri eða skemmri tíma, þá geti hann sem lærimeistari tekið nemendur til iðnnáms. Stefndi hafi aldrei rekið og sérstaklega ekki á þeim tíma, þegar samningurinn var gerður, iðn- eða iðjufyrirtæki og hafi því ekki getað gert iðnnámssamning samkvæmt nefndum lögum.

Stefndi, sem rekur viðtækan atvinnurekstur í Vestmannaeyjum, hefur um mörg ár haft iðnmeistara í húsa-smíði í þjónustu sinni, sem hafa unnið að húsbyggingum fyrir stefnda, er hann síðan hefur tekið til afnota í atvinnurekstri sínum og til útbenslu hans eða til íbúðar. Einnig hefur hann haft iðnmeistara í fleiri iðngreinum í þjónustu sinni, meðal annars í skipasmíði, er unnið hafa að skipabyggingum fyrir stefnda sjálfan. Samkvæmt eigin sögn stefnda hefur hann áður tekið iðnnema til kennslu, og hefur fyrirtæki hans útskrifað sem sveina tvo iðnnema hans í húsa-smíði og tvo í skipasmíði, og, að því er virðist, með fullu samþykki viðkomandi yfirvalda og iðnaðarfulltrúanna í Rvík. Í iðnaðarnámsslögunum er ekki skilgreint, hvað átt sé við með orðinu iðnfyrirtæki í 2. gr. laganna, og virðist stefndi líta svo á, að það eigi aðeins við um fyrirtæki, er framleiði iðn-

vörur til sölu eða taki að sér verk fyrir aðra. Rýmri skilgreining virðist þó heimil, og telur rétturinn, að hugtakið nái einnig yfir iðnrekstur í eigin þágu, sem rekinn er á þann veg sem iðnrekstur stefnda, er að ofan er lýst. Leiðir það til þess, að stefndi hefði heimild til að gera námssamning við stefnanda, er skapaði honum þau réttindi og þær skyldur, sem iðnaðarnámslögin ákveða. Sú sýknuástæða stefnda, að hér hafi ekki verið um löglegan iðnnámssamning að ræða, verður ekki tekin til greina.

Þá telur stefndi, að úrskurður gerðardómsins sé löglaus, þar sem réttarsfarsreglur 19. greinar iðnaðarnámslaganna hafi verið þverbrotnar. Samkvæmt þeirri grein megi aðeins fresta málinu 3 sinnum fyrir gerðardóminum og ekki megi liða nema í mesta lagi 24 dagar, frá því fyrsti gerðardómsfundur er haldinn og þar til málið sé tekið undir úrskurð. Í máli þessu hafi hins vegar liðið um 60 dagar frá fyrstu fyrirtekt til þess, að málið var tekið undir úrskurð, og því hafi verið frestað 6 sinnum. Telur stefndi, að gera verði strangar kröfur til gerðardóms um löglega málsmeðferð, þar eð gerðardómur sé afbrigði frá venjulegri málsmeðferð.

Eins og fram kemur í því, sem fyrr er ritað, var málið ekki rekið með þeim hraða fyrir gerðardóminum, sem mælt er fyrir um í 19. grein iðnaðarnámslaganna. Allmikill dráttur varð á fyrirtekt, sem rétturinn telur, að stafað hafi af ástæðum, sem skylt hafi verið að taka tillit til. En eftir að málið var tekið fyrir, dróst meðferð þess á langinn í fyrstunni, vegna þess að annar meðdómsmaðurinn var erlendis, síðan vegna þess að skipta varð um meðdómanda og að lokum vegna sameiginlegrar fjarveru beggja hinna tilnefndu meðdómsmanna. Kemur fram í gerðardóminum, að hann telur, að um lögleg forföll hafi verið að ræða. Verður að taka þetta trúanlegt, og leiðir það til, að þessi sýknuástæða stefnda verður ekki tekin til greina, þar eð telja verður, að víkja megi frá tímaákvörðunum 19. greinar iðnaðarnámslaganna, ef lögmæt forföll eru fyrir hendi. Í þessu sambandi þykir og rétt að hafa í huga það, að mál þetta var sérstaklega umfangsmikið, snerist um háar fjárkröfur og báðir aðiljar tilnefndu meðdómendur, sem búsettir voru utan umdæmisins, svo tæplega var unnt að gera ráð fyrir, að hægt yrði að ljúka meðferð málsins á þeim tíma, sem 19. gr. iðnnámslaganna ætlast til.

Þá telur stefndi, að gerðardómurinn hafi farið út fyrir valdsvið sitt með því að dæma bætur fyrir hugsanlegt tjón mörg ár fram í tímann, þar sem hann hafi aðeins haft heimild til þess að dæma bætur fyrir það tjón, sem orðið var. Á þetta verður ekki fallið. Í iðnaðarnámslögunum er valdsvið gerðardómsins hvergi þrengt á þenna hátt, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka þessa sýknuástæðu stefnda til greina.

Aðrar sýknuástæður en þær, er nú hafa verið raktar, hefur stefndi ekki haft uppi varðandi kröfur stefnanda samkvæmt gerðardóminum. Verða því þær að öllu leyti teknar til greina og stefndi dæmdur til þess að greiða þær fjárhæðir, sem ákveðnar eru í gerðardóminum.

Skulu þá aðrar stefnukröfur málsins teknar til athugunar.

1. Sjúkrabætur, kr. 10.491.68. Kröfu þessa telur stefnandi, að eigi stóð í 12. gr. iðnaðarnámslaganna, en þar segir, að auk læknishjálpar og

hjúkrunar skuli meistari greiða annan nauðsynlegan framfærslukostnað nemenda, sem sýkist eða verður fyrir slysi. Upphæðina fær hann þannig, að hann reiknar sér verkamannakaup, meðan hann var veikur, frá því í nóv. 1946 til maíloka 1947, miðað við eðlilegan vinnutíma og það tímakaup, sem var gildandi á þeim tíma. Stefndi hefur neitað þessari kröfu ákveðið. Telja verður, að samkvæmt tilvitnaðri grein eigi stefnandi rétt á að fá greiddan nauðsynlegan framfærslukostnað, meðan veikindi hans stóðu yfir, en þó ekki lengur en 6 mánuði. Virðist hæfilegt að áætla nauðsynlegan framfærslukostnað kr. 500.00 á mánuði, og nemur því upphæðin, sem stefnda ber að greiða, 6×500, eða samtals kr. 3000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. júní 1947 til greiðsludags.

2. Sjúkrasamlagsiðgjöld, kr. 432.00. Krafa þessi er fyrir iðgjöld til Sjúkrasamlags Vestmannaeyja fyrir tímabilið nóv. 1946—júní 1949, eða um þann tíma, sem námssamningur stefnanda við stefnda var í fullu gildi. Hefur stefnandi lagt fram kvittanir frá sjúkrasamlaginu, sem bera það með sér, að hann hefur innt þessa greiðslu af hendi. Samkvæmt 12. grein iðnaðarnámsslaganna bar stefnda að greiða iðgjöld þessi. Þessi liður verður því einnig tekinn til greina og ásamt 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1949 til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

3. Iðgjöld til almannatrygginga, kr. 1070.00. Hér er átt við iðgjöld samkvæmt 107. og 127. gr. laga um almannatryggingar, en meistara ber að innna þau af hendi fyrir iðnnema sína samkvæmt 108. gr. sömu laga. Stefndi hefur lagt fram kvittun fyrir greiðslu þessara gjalda, og ber því að taka þenna kröfulið einnig til greina og ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Samkvæmt ofanrituðu ber stefnda að greiða til stefnanda umfram kröfurnar samkvæmt gerðardóminum kr. 3000.00 + kr. 432.00 + kr. 1070.00, eða samtals kr. 4502.00, ásamt 5% ársvöxtum af kr. 3000.00 frá 1. júní 1947 til 1. júlí 1949 og af kr. 4502.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir bera að dæma stefnda til þess að greiða stefnandanum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Kristjáni Kristófersyni f. h. sonar síns Jóns Kristjánssonar, kr. 45.000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950.

Stefndi greiði enn fremur stefnandanum kr. 4502.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 3000.00 frá 1. júní 1947 til 1. júlí 1949 og af kr. 4502.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnandanum kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.